

REGLUGERÐ

um fjárhagsaðstoð við sjálfviljuga heimför á grundvelli laga um
útlendinga.

1. gr.

Gildissvið.

Þegar útlendingur sem sótt hefur um alþjóðlega vernd hefur dregið umsókn sína til baka, dregið kæru sína til baka á kærustigi, fengið synjun um vernd eða synjun á efnislegri meðferð og ákvörðun hefur verið tekin um aðstoð til sjálfviljugrar heimfarar, eftir atvikum í samstarfi við alþjóðastofnun, er heimilt að greiða viðkomandi flugfargjöld, ferðastyrk og/eða enduraðlögunarstyrk. Útlendingar sem koma frá ríkjum sem eru á lista Útlendingastofnunar yfir örugg upprunaríki, eða fá aðstoð við heimför til ríkja sem eru á þeim lista eiga þó ekki rétt á enduraðlögunarstyrk.

Útlendingur á ekki rétt á aðstoð við sjálfviljuga heimför á meðan umsækjandi er með dvalarleyfisumsókn eða umsókn um ríkisborgararétt í vinnslu hjá Útlendingastofnun.

Útlendingur á eingöngu rétt á styrk samkvæmt reglugerð þessari einu sinni.

2. gr.

Skilgreiningar.

Með greiðslu flugfargjalda er átt við greiðslu fyrir flugmiða frá Íslandi til heima- eða viðtökuríkis.

Með greiðslu ferðastyrks er átt við reiðufé sem ætlað er til kaupa á nauðsynjum meðan á ferðalagi standur.

Með greiðslu enduraðlögunarstyrks er átt við styrk sem stuðla á að árangursríkri enduraðlögun viðkomandi í heima- eða viðtökuríki og styðja hann við að koma þar undir sig fótunum á nýjan leik. Styrkurinn er almennt greiddur út í því ríki og getur t.d. nýst í húsaleigu, nám, atvinnu eða önnur verkefni í samstarfi við alþjóðastofnun.

Með greiðslu viðbótarstyrks er átt við styrk sem greiðist til viðbótar við enduraðlögunarstyrk og tekur mið af því á hvaða stigi málsmeðferðar ósk um aðstoð við heimför er borin fram. Réttur til greiðslu viðbótarstyrks fellur niður eftir að frestur til heimfarar er liðinn.

3. gr.

Fjárhæðir styrkja.

Styrkir greiðast í samræmi við eftirfarandi töflu.

Ríki	Flokkur	Ferðastyrkur	Enduraðlögunarstyrkur	Viðbótarstyrkur	Viðbótarstyrkur	Viðbótarstyrkur
				ef sótt er um áður en niðurstaða liggur fyrir á kærustigi, allt að		ef sótt er un eftir að niðurs liggur fyrir á kærustigi og á en frestur til heimfarar er lið allt að
A	Fullorðinn	200 evrur	3.000 evrur	1.000 evrur		
	Barn	100 evrur	1.500 evrur	500 evrur		
	Fylgdarlaust barn	200 evrur	2.000 evrur	500 evrur		
B	Fullorðinn	200 evrur	2.000 evrur	500 evrur		
	Barn	100 evrur	1.000 evrur	1.000 evrur		500 evrur
	Fylgdarlaust					

barn	200 evrur	2.000 evrur	1.000 evrur	500 evrur	
B	Fullorðinn	200 evrur	1.000 evrur	1.500 evrur	500 evrur
	Barn	100 evrur	500 evrur	1.000 evrur	500 evrur
	Fylgdarlaust barn	200 evrur	2.000 evrur	1.000 evrur	500 evrur
C Undanþegin skyldu til að hafa vegabréfs-áritun	Fullorðinn	X	500 evrur	X	X
	Barn	X	500 evrur	X	X
	Fylgdarlaust barn	X	500 evrur	X	X

Fjárhæð enduraðlögunarstyrkja fer eftir því hvort heima- eða viðtökuríki sé skilgreint í flokki A, B eða B C og tekur mið af því á hvaða stigi ósk um aðstoð til heimfarar er borin fram.

Útlendingastofnun ber að halda utan um lista þar sem ríki eru flokkuð, uppfæra hann eftir því sem þörf er á og birta á vef stofnunarinnar. Við mat á því í hvorum flokki ríki skuli vera getur stofnunarinn meðal annars litið til þess hversu erfðilega hafi gengið að flytja útlendinga til viðkomandi ríkis, kostnað við að komast til ríkisins og setjast þar aftur að og vergrar landsframleiðslu í ríkinu.

Kjósi útlendingur ekki að nýta styrkinn í sérstök enduraðlögunarverkefni getur hann, með samþykki viðeigandi alþjóðastofnunar, fengið hluta styrksins greiddan í reiðufé. Þó er ekki heimilt að afhenda hærri fjárhæð í reiðufé en sem nemur helmingi af upphæðinni eins og nánar greinir í töflu. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að greiða enduraðlögunarstyrk að fullu og í formi öðrum reiðufjár gjaldmiðli en evrum þegar sérstakar aðstæður eru til staðar í heima- eða viðtökuríki, t.d. þegar þar ríkir óðaverðbólga eða samstarfsaðilar íslenskra stjórnvalda eru ekki með starfsemi í ríkinu.

4. gr.
Undanþágur.

Heimilt er að veita útlendingi, Útlendingur sem sótt hefur um alþjóðlega vernd og er staddur hér á landi við gildistöku reglugerðarinnar, viðbótarstyrk og samkvæmt fellur undir flokk C í töflu 3. gr. Þrátt skal fyrir fá að greidda frestur styrki hans samkvæmt til flokki sjálfviljugrar heimfarar sé liðinn óski hann eftir því innan 60 daga frá því að reglugerðin öðlaðist gildi B.

Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að veita ferða og/eða enduraðlögunarstyrk þótt um sé að ræða umsækjanda sem á ekki rétt á styrk skv. 1. gr. Þetta á þó ekki við ef viðkomandi hefur hlotið alþjóðlega vernd í Schengen-ríki. Slíkur styrkur kæmi einkum til skoðunar í tilvikum barnafjölskyldna þar sem allir fjölskyldumeðlimir hafa óskað eftir styrk. Það sama getur átt við um útlendinga sem taldir eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu að mati viðeigandi stjórnvalds eða ef viðeigandi stjórnvald telur umsækjanda af öðrum ástæðum hafa þörf fyrir sérstaka aðstoð í tengslum við flutning. Við mat á því hvort umsækjandi eigi rétt á styrk skal m.a. höfð hliðsjón af heilsufari og félagslegri stöðu umsækjanda.

Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að hafa milligöngu um greiðslu enduraðlögunarstyrkja, sem eru á vegum alþjóðastofnana, þótt um sé að ræða umsækjanda sem á ekki rétt á styrk skv. 1. gr. Útlendingur getur þó ekki fengið enduraðlögunarstyrk á vegum alþjóðastofnana samhliða enduraðlögunarstyrk á vegum íslenskra stjórnvalda.

5. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. mgr. 104. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um enduraðlögunarstyrk og ferðastyrk til umsækjanda um alþjóðlega vernd, nr. 961/2018, með síðari breytingum.

- Dómsmálaráðuneytinu, 5. júní 2023. -

- Jón Gunnarsson. -

- Bryndís Helgadóttir. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.